

af gleðina ofurliði, eins á myndunum í Proczna-höllinn og annars staðar í lífinu.

Þær eru alt af hnyppast á, sorgin og gleðin, og þó hefir sorgin alt af yfirhöndina.

Fyrir framan opnar bækur og blöð sat ríkisgreifinn Gustaf Adolf von Dynar. Hann las ei, greifinn, en lagði bara höfuðið vaxbleikt og fínt á hvítu, litlu höndina sína.

Þótt hann væri maður á bezta aldri, var hann orðinn grár fyrir hærum. Andlitið var magurt og bleikt og allur líkamaburðurinn var þrátt fyrir hæðina ofur ellilegu og veiklulegu. En ekki var því að leyna, að andlitið og líkamaburðurinn bar vott um óvanalega fegurð. Hinir fölu drættir í andlitinu báru vott um ósegjanlega sorg, sem hafði lagt sína djúpu drætti og djúpu skugga kring um augun. Alt hans viðlit bar ótvíræðan vott um þreytu og óumræðilega sorg.

Óhræranlegur eins og myndastytta situr hann þarna í stólnum sínum og eldurinn sprikklar í stóra borðsalnum og eikarkubbarnir bresta í mola og senda nelli svo að ekkert verður úr nema nestaflog. Stormurinn hvín á skotsteininum og um gluggana, en úrið slær einmanalegt slag eftir slag á skrifborðinu. Þá heyrir alt í einu kveinandi barnsraust við hliðina. Gráturinn verður alt af beiskari og beiskari og hljómar æ hærra. — — Dynan greifi sprettur upp og um kinnar hans fer heitur roði, en andardrátt sinn stillir hann svo sem verða má. Konurödd syngur og grætur um leið og alt blandast saman við kveinyrði barnsins.

Ríkisgreiðfinn stynur og slær höndunum samaan fyrir andlitinu.

"Drottinn minn," segir hann, "hefirðu þá alveg yfirgefið mig í eynd minni?"